

- RÁÐNING
- ÞRÓUN
- STJÓRNUN

HOGAN **ÞRÓUN**

# STARFSFRAMI

## ÁBENDINGAR TIL STARFSÞRÓUNAR

Skýrsla fyrir: Sam Poole

Kennitala: HC560419

Dagsetning: Apríl 23, 2019





## Kynning

Misjafnt er eftir störfum hvaða eiginleikar eru mikilvægir til að ná árangri. Eiginleiki sem er mikilvægur í einu starfi kann að hamla frammistöðu í öðru. Hogan-persónuleikamatið (HPI) metur fólk á sjö þekktum kvörðum eða eiginleikum sem hafa áhrif á starfsframa. Þessi skýrsla er byggð á skori þínu á hverjum kvarða. Hún lýsir líklegum viðbrögðum þínum við ýmsum aðstæðum, undirstrikar styrkleika þína og veikleika og gefur ábendingar um hvernig þú getur unnið með starfsferilinn. Síðasta síðan sýnir myndrit af HPI kvörðunum og skilgreiningar á þeim.

Skýrslan er gild og túlkunarhæf.

HPI metur fólk á sjö þekktum kvörðum eða eiginleikum sem hafa áhrif á starfsframa.



## STYRKLEIKAR

Þú býrð yfir öryggi og stillingu, ert jákvæður og oftast í góðu skapi. Þú átt auðvelt með að vinna í umhverfi sem einkennist af hraða og/eða miklu vinnalagi og lætur fátt fara í taugarnar á þér. Samstarfsfólk þitt kann að meta stöðugleika þinn þegar álag er mikið. Þetta er sérlega mikilvægt í umhverfi þar sem vinna þarf hratt, líkamleg streita er mikil, hættur geta skapast og mikilvægt er að hafa stjórn á skapi sínu. Á álagstímum geta starfsfélagarnir treyst því að þú sért rólegur, samkvæmur sjálfum þér og bjartsýnn. Þú lætur til þín taka, leggur hart að þér, hefur keppnisskap og vilt gjarnan ná langt. Þú kannt vel við þig í hlutverki leiðtoga og nýtur þess að vera við stjórnvölinn. Almennt séð ertu fús til að hafa frumkvæði innan hóps og getur að öllum líkindum tekið að þér leiðtogahlutverk. Þessir eiginleikar eru sérlega mikilvægir í verkefnum sem krefjast frumkvæðis, ákveðni og sjálfstæðra vinnubragða.

Annað fólk sér þig almennt sem kraftmikinn, málgláðan og félagslega virkan einstakling. Þú átt gott með að tala við almenning og að vinna með nýju fólki. Þú leggur mikið upp úr lífsstíl og vinnu sem felur í sér félagsleg samskipti. Þú átt líklega auðvelt með að koma fram fyrir hóp fólks og finnst gaman að tala opinberlega. Þetta er sérlega mikilvægt í störfum þar sem samskipti við ókunnuga eru mikil til dæmis í sölustörfum, þjálfunarstörfum, markaðsmálum og þjónustu við viðskiptavinum. Þú ert sérstaklega diplómátskur, vingjarnlegur, heillandi og næmur fyrir tilfinningum og þörfum annarra. Þú getur byggt upp og viðhaldið vináttu. Þú lætur þér annnt um andrúmsloftið á vinnustaðnum og vinnur vel í hóp. Þú leggur áherslu á hvatningu, vernd og hjálpssemi. Þessir þættir auðvelda vinnu við störf sem fela í sér umönnun, þjónustu við viðskiptavinum og að byggja upp langtímasambönd.

Þú er alla jafna skipulagður og hefur sjálfstjórn, ert varkár, samviskusamur og með auga fyrir smáatriðum. Þú ert að sama skapi vinnusamur, áreiðanlegur og tryggur starfsmaður. Þú lætur þér annnt um reglur og ferli og vilt að verk séu skýrt afmörkuð, unnin vel og á réttum tíma. Þú leggur áherslu á að skila af þér vinnu í hæsta gæðaflokki og gerir miklar kröfur. Þetta er sérlega mikilvægt fyrir störf sem krefjast nákvæmni og að hugað sé vel að smáatriðum. Þú ert klár, vel upplýstur og með á nótunum hvað varðar nýjustu tækni. Þú virðist einnig hafa til að bera sjálfsgaga, ert árangursmiðaður og duglegur og nýtur þess að vinna að verkum frá upphafi til enda. Þú metur mikils þjálfun sem gagnast þér og öðrum, þú leitar tækifæra til að bæta þig og vilt nýta þér nýjustu þekkingu við störf þín. Þessir eiginleikar eru mikilvægir fyrir flest störf. Þú ert opinn fyrir hugmyndum, fróðleiksfús og hugmyndaríkur. Þú getur áttað þig á heildarmyndinni, ert fljótur að hugsa og færð hugmyndir um hvernig leysa eigi verkefni. Þú kannt vel við frjálsa vinnu sem felur í sér hönnun, uppfinningar eða breytingar. Þú ert móttækilegur fyrir nýjum hugmyndum og leggur áherslu á að finna betri leiðir til að vinna verkin. Þetta er sérlega mikilvægt í störfum sem krefjast þess að viðkomandi sé skapandi, geti leyst úr vandamálum, mótað stefnu og verið leiðtogi.



## VEIKLEIKAR

Þar sem þú býrð yfir miklu sjálfsöryggi getur verið erfitt að segja þér til og þú gætir búist við of miklu af öðrum. Sjálfsöryggið getur valdið því að þú ofmetir eigið framlag, lítir fram hjá mistökum þínum og viljir ekki hlusta á neikvæða endurgjöf. Vegna mikils áhuga þíns á að ná árangri getur verið að þú keppir við eða ógnir starfsfélögum án þess að gera þér grein fyrir því. Mundu að hugsa um áform annarra þegar þú vinnur með þeim. Vegna þess hversu orkumikill og opinn einstaklingur þú ert kanntu að eiga það til að taka að þér of mörg verkefni, missa einbeitingu og hlusta ekki nægilega vel á aðra. Þú tekur stjórnina á fundum og þörf þín fyrir að tala og vekja eftirtekt getur valdið því að þú verðir af upplýsingum sem gætu verið gagnlegar við verkefni eða fyrir fyrirtækið.

Þar sem þú ert svo vingjarnlegur og góðlyndur forðast þú ef til vill ágreining, átt erfitt með að taka höfnun, lofar upp í ermina á þér og átt erfitt með að sýna ákveðni. Einnig getur verið að þú leggir meira kapp á að þóknast öðrum en að ljúka eigin verkum. Þú gerir miklar kröfur til þín og annarra og átt ef til vill erfitt með að deila verkefnum og forgangsraða. Það getur aukið vinnuálag og streitu. Þú átt til að gagnrýna frammistöðu annarra, hafa óþarfa áhyggjur af smáatriðum og það getur reynst þér erfitt að breyta um stefnu þar sem þú ert þess fullviss að þínar aðferðir séu réttar. Þar sem þú ert fróðleiksfús og skapandi einstaklingur getur verið að þér leiðist auðveldlega nema þú fái sífellt ný og ólík verkefni. Jafnframt getur verið að starfsfélagar þínir deili ekki áhuga þínum á tilraunastarfsemi og/eða ævintýrapörf. Þar sem þú býrð yfir mikilli þekkingu er líklegt að þú áttir þig á vandamálum hraðar en aðrir og grípir til aðgerða án þess að aðrir hafi fengið tækifæri til að skilja um hvað málið snýst og hefjast handa.




## ÁBENDINGAR UM ÞRÓUN STARFSFERILS

Í ljósi sérstakrar þrautseigju þinnar og getu til að takast á við álag þarftu að veita mistökum þínum athygli til að læra af þeim. Hafðu einnig í huga að aðrir kunna að upplifa streitu þótt þú gerir það ekki. Þú virðist hafa mikinn áhuga á tækifærum til starfsframa. Vertu vakandi fyrir slíkum tækifærum innan fyrirtækisins og leitaðu leiða til að gefa áhuga þinn til kynna. Hafðu í huga að ógna ekki samstarfsfólki sem er yngra og óreyndara, þjálfðu þig í að leyfa öðrum að stjórna og sýndu þeim þolinmæði sem hafa minni áhuga á frama en þú.

Þú ert það opinskár og áhugasamur að þú þarft ef til vill að minna þig á að hlusta vel á hvað aðrir segja og grípa ekki fram í fyrir þeim. Þetta getur átt sérstaklega við í samskiptum við yngri eða óreyndari starfsmenn eða viðskiptavini. Þú ættir einnig að muna að deila heiðrinum af velgengni með öðrum. Þar sem þú villt láta þér lynda vel við aðra forðast þú að taka óvinsæla afstöðu. Gættu þess að lofa ekki meira en þú getur staðið við, að taka á vandamálum áður en þau verða óviðráðanleg og láta aðra vita hver skoðun þín er.

Þar sem þú ert mjög samviskusamur skaltu hafa í huga að þú munt aldrei geta gert allt sjálfur og að það er ekki hægt að vinna öll verk jafn vel. Þú ættir að læra að deila ábyrgð, forgangsraða verkum og sýna sveigjanleika þegar þess þarf, til dæmis með því að leyfa fólki að trufla þig þegar nauðsynlegt er. Þú ert hugmyndaríkur og framsýnn en leiðist ef til vill auðveldlega þegar þú þarft að vinna venjubundin verk. Mundu að fylgja verkum eftir þar til þú hefur lokið þeim. Þú metur mikils að vera vel upplýstur og ættir því að leita tækifæra til frekari þjálfunar. Það kann að angra þig þegar slíkt er ekki í boði. Auk þess hentar þér vel að setja þér markmið í starfi, þar sem árangur er þín helsta hvatning.



Há skor eru yfir 65. prósenturöð. Miðlungshá skor eru í og yfir 35. prósenturöð og í og undir 65. prósenturöð. Lág skor eru undir 35. prósenturöð.

<b>JAFNLYNDI</b>	Endurspeglar hvort einstaklingur mælist jafnlyndur eða uppstökkur og mislyndur. Þeir sem fá hátt skor virðast sjálföruggir, þrautseigir og bjartsýnir. Þeir sem fá lágt skor virðast spennir, uppstökkir og neikvæðir.
<b>METNAÐUR</b>	Metur að hve miklu leyti einstaklingur hefur leiðtogaeiginleika og sækist eftir metorðum. Þeir sem fá hátt skor virðast kappsamir og vinnusamir. Þeir sem fá lágt skor virðast hlédrægir og leggja minni áherslu á eigin framgang í starfi.
<b>FÉLAGSLYNDI</b>	Metur félagslegt öryggi. Þeir sem fá hátt skor virðast opnir og litríkir. Þeir sem fá lágt skor virðast fálátir og rólegir.
<b>SAMSKIPTANÆMI</b>	Endurspeglar nærgætni og hæfni til að setja sig í spor annarra. Þeir sem fá hátt skor virðast vingjarnlegir, hlýir og vinsælir. Þeir sem fá lágt skor virðast sjálfstæðir, hreinskilnir og beinskeyttir.
<b>SAMVISKUSEMI</b>	Tengist sjálfstjórn og samviskusemi. Þeir sem fá hátt skor virðast skipulagðir, áreiðanlegir og fara að fyrirmælum. Þeir sem skora lágt virðast ófyrirsjáanlegir og sveigjanlegir.
<b>FORVITNI</b>	Endurspeglar hversu fróðleiksús, ævintýragjarn og hugmyndaríkur einstaklingur er. Þeir sem skora hátt eru gjarnan framsýnir og fljótir að átta sig en leiðist auðveldlega. Þeir sem skora lágt eru gjarnan raunsærir og eiga gott með að halda einbeitingu.
<b>VIÐHORF TIL NÁMS</b>	Endurspeglar hversu mikið einstaklingur metur menntun sem markmið í sjálfu sér. Þeir sem fá hátt skor njóta þess að lesa og mennta sig. Þeir sem fá lágt skor hafa minni áhuga á formlegri menntun og meiri áhuga á námi í gegnum starfið.